

Sandkorn

Árshátíðarblað Sandgerðisskóla

2020



Vöxtur—virðing—vilji—vinátta



Útgáfa Sandkorns 2020

Nemendaráð Sandgerðisskóla

Alicja Íris

Alexander Freyr

Alexander Breki

Birgir Olsen

Elísabet Inga

Emilía Magnús

Ester

Kristrún Blöndal

Lísa María

Steinþór Kristinn

Sunneva Rún

Valur Þór

Ábyrgðarmaður: Örn Ævar Hjartarson

Forsíðumynd: Ólöf Ólafsdóttir

Efnisyfirlit:

Árshátíð 2020	4
10. bekkur skoðar RÚV	5
Grettur 2020	6-7
Stóra Upplestrarkeppnin	8
Systrastríð	9
Systrastríð	10
Þekkir þú vin	11
Minningar frá umsjónarkennara	12-13
Kveðja frá fyrrum umsjónarteymi	14-15
Framtíðarspá	16-19
Vinasurningar	20
Systrastríð	21
Mottó	22-24
Systrastríð	25
Þjóðfélagsfræði 10. bekkjar	26-27


Árshátíð 2020

Árshátíð Sandgerðisskóla var haldin 20. maí þetta árið en henni hafði verið frestað fyrir páska vegna samkomubannsins og covid-19 veikinnar. Árshátíðin var haldin með svipuðu sniði og venjulega en það var 7. bekkurinn sem sá um drykki, 8. bekkurinn skreytti salinn í með aðstoð Konnýrar. 9. bekkurinn sá um að stjórna hátíðinni og sá einnig um rósaafhendingu. 10. bekkurinn var svo heiðursgestir hátíðinnar en þau höfðu hist fyrir hátíð og borðað saman hátíðarmat. Allir bekkirnir voru með skemmtiatriði ásamt starfsfólki skólans. Skipulögð dagskrá endaði svo með rósaafhendingu og myndtöku. Þegar búið var að rýma salinn endaði kvöldið á balli, sem DJ Sindri stjórnaði en Séra Bjössi kom sem leyningstur og nemendur úr Gerðaskóla komu í heimsókn og var dansað til kl. 23.00. Hátíðin heppnaðist mjög vel í alla staði.





10. bekkurinn skoðar RÚV




10. bekkurinn fór í heimsókn í Ríkisútvarpið á vordögum og fékk að upplifa kvikmyndaverið þar sem töfrar RÚV fara fram.



Grettur 2020!




Grettur 2020!



Stóra upplestrarkeppnin

Gunnar Freyr í 3. sæti



Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fór fram í Grindavík í ár. En þetta er í tuttugasta og þriðja skiptið sem Sandgerðisskóli tekur þátt í keppninni. Nemendur úr Gerðaskóla, Grunnskóla Grindavíkur, Sandgerðisskóla og Stóru- Vogaskóla tóku þátt.

Undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina hefst á degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember, hjá öllum nemendum í 7. bekk. Kjörorð verkefnisins eru að nemendur læri að vanda flutning og framburð íslensks máls, læri að njóta þess að flytja móðurmálið, sjálfum sér og öðrum til ánægju.

Gunnar Freyr Ólafsson, Sigurbjörn Bergmann

Ómarsson og Yngvar Adam Gústafsson kepptu fyrir hönd Sandgerðisskóla, þeir stóðu sig frábærlega og voru sjálfum sér og skólanum til mikilla sóma.

Gunnar Freyr var í 3. sæti og óskum við honum innilega til hamingju með árangurinn.



Systrastíð



Særún um Guðrúnu 9 rétt

1. (26. Október (79)) 26. okt.
2. (Pizza og naut og tryggvasósa) Pizza
3. (Þar sem er sól, hiti og búðir (Florída)) Bandaríkin
4. (Textílkennari) Handavinnukennari
5. (Svartur) Svartur
6. (Bubbi) Bubbi
7. (Smjatt) Smjatt og búkhljóð
8. (Bleikur) Karrý gulur
9. (Sporðdreki) Sporðdreki
10. (Ég 🤔) Allan daginn hún (ef ég er

Guðrún um Særúnu 6 rétt

1. (27.apríl) 27. apríl
2. (Nautakjöt) Nautakjöt
3. (Spánn) Forída
4. (Ekki viss ennþá) Veit það ekki sjálf.
5. (Svartur) Svartur
6. (Celine Dion) Blake Shelton
7. (Pirrandi fólk) Ef hlutir gerast ekki strax
8. (Bleikur) Svartur
9. (Naut) Naut
10. (Ég) Guðrún

Hár, snyrti og nuddstofan Spes

Vélsmiðja Sandgerðis

og

Pekkingarsetur Suðurnesja

Styrktu útgáfu Sandkorns 2020

Systrastríð



Thelma Dís - 4 rétt

Afmæli – 24. sept (24. sept)

Matur - Grillmatur (Wellington)

Draumastaður – Balí (Spánn)

Draumastarf – Kennari (Kennari)

Svartur eða hvítur – Svartur (Svartur)

Tónlistarmaður – Sam Smith (Ed Sheeran)

Mest pirrandi – Ókurteisi (Þegar fólk viðurkennir ekki mistök)

Litur – Bleikur (Fjólublár)

Stjörnumerki - Vog (Vog)

Hvor er klárari – Báðar (Arna Vala)

Arna Vala - 6 rétt

Afmæli – 3. nóv. (3. nóvember)

Matur – Humarpizza (Humar)

Draumastaður – Víetnam (Bali)

Draumastarf – Ferðast og fá borgað fyrir (Ferðabloggari)

Svartur eða hvítur – Svartur (Svartur)

Tónlistarmaður – Veit ekki (Freddie Mercury)

Mest pirrandi – Smjatt (Ókurteisi)

Litur – Rauður (Rauður)

Stjörnumerki – Algjör sporðdreki (sporðdreki)

Hvor er klárari – Segir pottþétt hún sjálf (Báðar)



Hversu vel þekkir þú vin þinn?

Sara Mist svarar um Díönu

Spurning—svar (rétt svar)


- Lag – Esjan (Esjan)
- Dýr - hundur (hundur)
- Matur - pasta (pasta)
- Kennari - Íris Rut (Fríður)
- Fag - íþróttir (sund)
- Tónlistarmaður - Ariana Grande (Ed Sheeran)
- Afmælisdagur - 26 jan (26 jan)
- Stjörnumerki - Vatnsberi (vatnsberi)
- Danska eða stærðfræði - Stærðfræði (Stærðfræði)
- Mest pirrandi - syngja inn í bekk (smjattar)
- Hæfileiki - syngja (syngja)
- Draumaferð - Disney Land/ Flórída (Hawaii)
- Hawaii eða Spánn - Hawaii (Hawaii)
- Fatamerki - Nike (Nike)
- Draumastarf - Hárgreiðslukona (Hárgreiðslukona)



Díana svarar um Söru Mist

Spurning—svar (rétt svar)

- Lag – Heart on ice (Ali Gatie)
- Dýr - Kisa (Kisa)
- Matur – Hamborgari (pítsa)
- Kennari - Íris (Íris)
- Fag - Stærðfræði (Stærðfræði)
- Tónlistarmaður - Ed Sheeran (Herra Hnetusmjör)
- Afmælisdagur - 6 september (6 september)
- Stjörnumerki - Meyja (Meyja)
- Danska eða stærðfræði - Stærðfræði (Stærðfræði)
- Mest pirrandi - Ég tala of mikið (bíta og rasskella mann)
- Hæfileiki - Íþróttir (Fótbolti)
- Draumaferð - París (París)
- Hawaii eða Spánn - Hawaii (Hawaii)
- Fatamerki – Nike (Nike)
- Draumastarf - Flugmaður (Flugmaður)



Minningarbrot með fólkinu sem er fætt árið 2004

Þegar ég í fyrsta tímanum mínum með bekknum greip í töflutúss og skrifaði eitthvað á töfluna sem náttúrulega enginn skildi að því að það skildi enginn skriftina mína. Svo þegar ég ætlaði að stroka út af töflunni gat ég það ekki að því að því að þetta var ekkert töflutúss sem ég notaði heldur bara venjulegur tússpenni!

Þegar ég var nýbyrjaður að kenna 7. bekk og Tony og Björgvin voru ekki að nenna að gera stærðfræðina sem við vorum að vinna í og voru kannski pínulítið að trufla hina. Ég tók þá fram á gang og ég var að reyna að sannfæra þá um mikilvægi þess að læra stærðfræði. Hún væri jú í öllu sem við þurfum að gera og fast við og maður þyrfti að kunna grunnatriðin í henni. Þeir horfu þá á mig með vonleysi í augunum og sögðu svo: “Hefurðu aldrei heyrt talað um YouTube? Við förum bara þangað ef við þurfum að vita eitthvað”. Ég tapaði þessum rökræðum og ég er ekki viss um að drengirnir viti hvað þeir kenndu mér mikið á þessu augnabliki.

Þegar strákarnir komu æstir og fúllir inn úr frímínútum í 7. bekk að því að þeir töpuðu fyrir stelpunum í fótbolta. Þeir voru svo ekkert sérstaklega sáttir við kennarann sinn að því að hann sagði að þeir væru bara tapsárir.

Þegar við, ég og nokkrir strákar úr bekknum, komum á slöngubátum inn á ytri höfnina í Vestmannaeyjum. Stelpurnar voru þá komnar á sínum báti inn í sönghellinum og sungu svo yndislega að það ómaði um alla kletta. Það var falleg stund.

Hvernig ljúfustu einstaklingarnir í hópnum gátu beyst í blóðþyrsta og útsmogna morðingja þegar við spiluðum Varúlf.

Þegar Ester, og ég mun aldrei skilja hvernig hún fór að því, missti símann sinn inn í sófann á gistiheimlinu í Vestmannaeyjum. Síminn náðist ekki út fyrr það var búið að skera á klæðninguna undir sófanum og ég farinn næstum hálfur inn í hann til að komast að honum.

Að fá að smakka þurrkaða kjötið hans Tony, þetta sem kemur frá Afríku. Besta bragðið.

Þegar bekkurinn lét eins og það væri verið að pína hann til að hlaupa maraþon þegar við löbbuðum einn hring um Heimaey.

Þegar ég spurði bekkinn “eigum við að hlusta á tónlist?” og svarið var “já, svo lengi sem þú velur ekki tónlistina!”.

Þegar Birgir fékk þá snilldarhugmynd að finna hrossakjöt í kæliborðinu í búðinni þegar bekkurinn átti að taka mynd af sér með hesti í ratleik.

Hvernig öll árshátíðaratriði byrjuðu í einum hrærigraut þar sem enginn virtist vera sammála en enduðu svo alltaf skemmtileg og flott. Emilía Magnús sem þreytti kennarinn sem kemur inn í kennarastofuna er samt í uppáhaldi.

Hvað ég var alltaf jafn hrifinn þegar Domink kom að sýna mér nýtt snilldartæki sem hann hafði sjálfur hannað og búið til.

Hvað ég var stoltur af öllum bekknum þegar hann sat saman inn í matsal núna í vor og allir hjálpuðust að við að leysa þrautirnar í fjármálaleikunum. Það var augnablikið sem það rann upp fyrir mér að þessi hópur ungu fólki væri alveg tilbúinn til að takast á við heiminn og verkefnin sem þar bíða.

Auðvitað eru minningarnar svo mikið, mikið, mikið fleiri og svo margt sem gæti ratað hér á blað. Hver og einn einstaklingur sem er í 2004 árgangi hefur snert við mér á einhvern hátt, mér finnst eins og ég eigi pínulítinn hluta í hverju og einu þeirra og þau eiga svo sannarlega stóran hluta í mér.

Ólafur Þór Ólafsson

Kveðja frá gömlu umsjónarteymi

Jæja þið segið það! Hvernig má það bara vera að litlu dúllurnar okkar séu að útskrifast úr 10.bekk? Þegar maður hugsar tilbaka þá kemur bara eitt stórt bros á vör hjá bæði mér og Konný. Við Konný vorum beðnar um að koma með nokkra minnispunkta frá tímunum okkar með ykkur í gegnum árin okkar saman. Það má með sanni segja að þið gáfuð lífinu lit. Alltaf full af orku og gleði. Ég(Valdís) man fyrst eftir að hafa verið að kenna ykkur smá í 3.bekk, man eftir ferð í Ný-Fisk með misjafnri hrifningu ykkur. Við höfum nú samt heyrt af því að þó nokkur ykkar ætlið að vinna í fiskverkun í sumar þannig ég vona að viðbrögð ykkar við fiskilykt sé aðeins búin að skána með árunum. Ef ekki biðjum við fyrir ykkur!

Nokkrar af skemmtilegustu minningunum okkar eru þegar við fórum í ferðir saman t.d á Þingvelli þar sem þið stóðuð ykkur svo vel, fylgduð öllum reglum og voruð til fyrirmyndar. Við vorum þínu smeykar fyrir ferðina en það var algjör óþarfi. Eftir Þingvelli fórum við í sund og fengum okkur svo ís á eftir. Þetta var þínu erfið rútuferð þar sem einn nemandinn ældi og þurfti Valdís að hafa sig alla til að æla ekki sjálf yfir nemandann. Nefnum engin nöfn.

Einnig fórum við í nokkrar styttri ferðir eins og þegar við grilluðum og fórum í leiki fyrir utan hjá Valdísi. Föruferðir og nokkrar ferðir í heiðina að tína mávaeegg sem varð að hefð hjá Valdísi sem kennara þar sem hún sá hvað þið hefðuð gaman af þessu.

Allt flotta föndrið sem við gerðum saman, sem betur fer var Konný með okkur því ekki var það ég sem kom með þessar hugmyndir eins og stressboltarnir frá Konný sem enduðu langflestir með því að springa með tilheyrandi hveitisprengju inni í stofu! Það má deila um það hvort það hafi verið góð hugmynd.

Hversu mikill keppnisbekkur þið voruð. Vilduð alltaf vinna allar þrautir og það tók misvel á jafnaðargeð hjá fólki ef við unnum ekki. Það voru að sjálfsgöðu ekki bara þið með keppnisskap heldur vorum við með ykkur í þessi eins og þegar Valdís leyfði ykkur að henda sér í sundlaugina ef allir skildu taka þátt í sundmóti Lions og þegar Konný fór ekki að sofa fyrr en um 2 á nóttinni til að klára hurðaskreytingar til að vinna flottustu hurðina.

Það er svo mikil orka innra með ykkur og á hún svo sannarlega eftir að nýtast ykkur í komandi framtíð.

Það var frábært að vera með ykkur þessi ár og þið kennduð okkur margt og vonandi náðum við að kenna ykkur eitthvað líka. Það verður mikill söknuður af ykkur og þið verðið alltaf besti bekkurinn. Við fundum þetta fallega ljóð eftir ykkur sem þið sömduð árið 2015. Látum það fljóta með.

Knús og kram Valdís og Konný



Besti bekkurinn

Við erum besti bekkurinn
Bætum okkur og finnum vin
Skrifum ljóð í skrifarbók
Og höfum alltaf hljóð

Valur er hvalur en samt svalur
Helgi sér um helgina og borðar nammi þá
Elfar Máni er kallinn í tunglinu af því að hann er Máni
Kári er klár af því hann er Kári klári
Bjartur Logi, logar eins og eldurinn
Tony er pony og er sáttur við að geta flogið
Birgir Olsen er góður í Olsen- olsen
Bjöggi er bestur alveg eins og hestur
Haraldur Ingi sér um þingið
Mikki refur á tvö líf
Dominik Róbert elskar robots
Daniel sönglar að sannni

Valdís er kennarinn
Kennir okkur íslensku en ekki stærðfræði
Hún er besta kennarinn
Því hún er vinur minn.

Kristrún Erla er algjör perla
Ragnhildur Rán er rándýr
Sunnaveva Rún er sun shine
Ester er prestur sá allra besta
Auðbjörg Hulda svífur í kulda
Emma Magga kann að tagga
Kara kaka kann að baka
Amelía Rún hún er svaka brún
Ása Tása segir pása
Tinna er cool og miklu betri en school
Irma Rún is coming soon
Sigrún Eva sigrar alla án efa
Viktoría Íris nammi grís
Emilía Hildur elskar kindur
Konný elskar monní
Elísabet segir oftast rétt

Þolinmæði þurfum við
Til að finna vinnufrið
Kurteisi, vinnáttu og jákvæðni

Höfundar nemendur í árgangi 2004 (skrifað 2015)





Blaðamaður Sandkorns fékk að kíkja í kristalkúluna hjá Röggu kennara til að kanna hvað framtíðin ber í skauti sér hjá útskriftarárgangi skólans.

Amelía Rún Fjeldsted

Mun verða atvinnumaður í fótbolta og spila með PSG í Frakklandi. Einnig verður hún einn af lykilmönnum í íslenska landsliðinu. Amelía mun læra flugmanninn og flýgur sinni einkapotu á milli staða. Hún mun eignast eitt barn og eiga tvo hunda með draumaprinsinum sínum.

Aron Rúnar Hill Ævarsson

Útskrifast sem listafræðingur úr VMA og Listaháskólanum. Eftir námið í Listaháskólanum fer hann til Grænlands þar sem hann mun einblína á að teikna landslagsmyndir og verða mikill áhugamaður um laxveiðar og skotveiðar. Á Grænlandi hittir hann draumamakann og ættleiðir þrjú börn.

Auðbjörg Hulda Ástþórsdóttir

Mun vinna við að vera með fyrirlestra um hinsegin fólk og núvitund. Hún verður mjög vinsæl í skólum og á vinnustöðum ekki bara á Íslandi heldur í allri Evrópu. Í frítímanum sínum malar hún mjög falleg málverk sem hún gefur til góðra málefna. Hún mun eignast stóra fjölskyldu sem hún hefur alltaf nálægt sér á ferðum sínum um heiminn.

Ásdís Gunnarsdóttir

Verður frægur TikTok-er með 19 milljón fylgjendur. Hún mun búa í Hype House sem er fyrir frægt fólk og verður mjög rík. Ásdís mun giftast Mattia Pollibio og mun eiga börn með honum. Í frítíma sínum mun Ásdís klífa fjöll, hlaupa, synda og hjóla.

Birgir Olsen

Byrjar í FS en fer þaðan í MK á öðru ári þar sem hann lærir kokkinn. Hann mun opna vegan veitngastað sem slær í gegn. Einnig verður hann heimsfrægur veganisti á Snapchat og Instagram nær sér í konu og eignast 2 börn og hann tekur upp sitt daglegt líf á Snapchat og tekur myndir af fjölskyldunni á Instagram

Björgvin Bjarni Elíasson

Verður smiður eða arkitekt í Frakklandi og stofnar sitt eigið fyrirtæki. Í frítíma sínum spilar hann tölvuleiki og eldar góðan mat. Hann og draumaprinsessan eignast eitt barn og tvo hunda.

Brynjar Már Arnarsson

Mun verða atvinnuhnefaleikari þar sem hann mun keppa og æfa víðs vegar um heiminn í leit sinni að heimsmeistaratitlum. Eftir 10 ára feril leggur hann hanskana á hilluna og fer að einbeita sér að fjölskyldunni. Hann mun búa á Bahamaeyjum.

Daniel Omelianiuk

Útskrifast úr tölvuleikjafræði í menntaskólanum á Ásbrú. Hann hannar VR leik sem verður einn sá vinsælasti frá upphafi. Á 15 ára útskriftarafmæli bekkisins býður hann öllum bekknum í kastalann sinn þar sem allir spila leikinn saman.

Dominik Róbert Klukowski

Mun útskrifast sem tölvunarverkfræðingur. Hann mun vinna við að hanna og byggja vélmenni sem mun létta fólki lífið og hagnast vel. Húsið hans verður það tæknivænt að öllu er stjórnað með huganum. Hann hannar prótótípu af tækninni og fær einkaleyfi af því og verður multimilli. Hann giftist draumadísinni og eignast fullt af börnum sem verða jafn gáfuð og hann.

Elfar Máni Bragason

Mun verða atvinnumaður í fótbolta á Spáni og fær það fádæma tækifæri á að spila bæði með Barcelona og Real Madrid. Hann verður fastamaður í landsliðinu þar sem hann mun verða markahæsti leikmaður liðsins frá upphafi. Hann á spænska kærustu og eignast fimm börn.

Emilía Hildur Elfarsdóttir

Mun verða listamaður og útskrifast úr Listaháskólanum. Eftir námið flytur hún til Ítalíu þar sem hún malar og selur sín málverk í galleríinu hennar. Draumaprinsinn kemur inn í líf hennar þegar hann kaupir eitt að hennar uppáhalds listaverkum. Þau eignast saman fimm börn og lifa yndislegu lífi.

Emilía Magnús Bjarkadóttir

Mun fara í dýralæknánám eftir framhaldsskóla. Hún verður kölluð "Dagfinnur dýralæknir" Íslands því hún er svo góð í sínu starfi á dýraspítalanum á Suðurlandi. Hún giftist, eignast tvær dætur og fjölskyldan ásamt hundunum þeirra 10 munu búa á sveitabæ fyrir utan Selfoss.

Ester Grétarsdóttir

Mun fara í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og útskrifast þaðan af listabraut. Eftir fjölbraut flytur hún til Frakklands þar sem hún mun læra fatahönnun. Hún útskrifast úr háskólanum með hæstu einkunn sem fatahönnuður. Hún kynnist manningum sínum í Frakklandi. Þau flytja svo til Íslands þar sem þau munu hanna og framleiða fatalínu sem selst vel út um allan heim.

Guðjón Ásmundur Stefánsson

Mun fara í Harvard háskóla eftir að hafa útskrifst úr menntaskóla hérna á Íslandi með hæstu einkunn. Hann hittir draumaprinsessuna í sálfræðináminu í Bandaríkjunum og útskrifast úr meistaranámi. Þau eignast þrjú börn og munu búa í Boston til æviloka.

Haraldur Ingi Eypórsson

Mun fá áhuga á kraftlyftingum eftir að hafa klárað sveinspróf í vélstjóranámi. Hann fær vinnu sem vélvirki á einu flutningaskipi Samskipa. Hann æfir eins og brjálæðingur á frívöktum og keppir á kraftlyftingamótum þegar hann er í landi. Markmið hans er að verða sterkasti maður í heimi. Hann mun ferðast um heiminn og keppa á aflraunamótum. Hann hittir draumaprinsessuna á einu mótinu og munu þau búa hamingjusöm í sveitinni á Íslandi á sumrin og í sveitinni í Nýja-Sjálandi á veturna (á sumrin í Nýja-Sjálandi)

Helgi Rúnar Hafsteinsson

Útskrifast sem lögfræðingur. Hann verður aðallögfræðingur Roman Abramovich þar sem hann mun sjá um öll mál Chelsea í enska boltanum. Hann mun eiga konu, eitt barn og sjö hunda. Helgi mun búa með fjölskyldu sinni í fimm hæða risahúsi í London.

Irma Rún Blöndal

Mun verða aðalmarkmaður Wolfsburg í þýska boltanum. Með fótboltanum mun hún klára dýralæknanám frá háskólanum í Wolfsburg. Irma og liðið hennar setur með í þýsku deildinni þar sem hún heldur hreinu í 35 leikjum í röð. Hún hittir draumaprinsinn þegar hún bjargar hundinum hans dag einn í almenningsgarðinum í miðborginni.

Kara Petra

Mun útskrifast á íprótta og listabraut í framhaldsskóla. Þar mun leiðin hennar liggja í arkitekt þar sem hún verður ein af fremstu arkitektum landsins við hönnun á útivistarsvæðum á hálendinu. Hún mun komast í íslenska landsliðið í knattspyrnu. Hún kynnist draumaprinsinum á ráðstefnu í Bandaríkjunum og munu þau eignast fjögur börn saman.

Kári Sæbjörn Kárason

Fer í FS eftir grunnskóla. Njósningar frá Kentucky háskóla munu bjóða Kára skólstyrk og mun hann klára háskólanámið þar. Að loknu háskólanámi verður Kári valinn í NBA þar sem hann verður stjarna. Hann mun giftast yndislegri konu og eignast 3 börn með henni. Eftir frábæran ferill er hann moldríkur og ferðast um heiminn með fjölskyldunni sinni.

Logi Halldórsson

Mun fara í tölvuleikjanám eftir grunnskóla. Eftir framhaldsskólann fer hann í háskóla þar sem hann mun leggja áherslu á arkitektnámi ásamt tölvuleikanámi og útskrifast þar með meistara próf í arkitekt. Eftir háskóla mun hann hanna tölvuleiki og einnig raunveruleg svæði þar sem hægt verður að spila leikina bæði í sýndarveruleik og einnig í raunveruleikanum. Hann hittir konu í náminu og þau giftast eftir nokkur ár í sambandi.

Óðinn Elmar Guðmundsson

Mun stofna einkaflugvélaleigu sem mun dafna mjög vel þar sem eftirspurn eftir einkaflugvélum mun aukast mikið eftir hrun ferðapjónustunnar á Íslandi. Hann mun hafa aðsetur í Dubai þar sem hann á eiginkonu og þrjú börn.

Ragnildur Rán Árnadóttir

Fer í FS eftir grunnskóla og hún fer í náttúrufræðibraut og fer svo í læknanám og verður læknir. Eftir námið hittir hún draumaprinsinn á spítalanum. Þau munu flytja til Bandaríkjana í Las Vegas þar sem hún opnar einkastofu. Þau munu eignast 3 börn og eiga einn beagle, einn pomeranian og einn German shepard.

Sigrún Eva Ægisdóttir

Mun flytja til Bandaríkjana eftir nám í félagsfræði í framhaldsskóla og fara í háskóla þar sem hún mun spila fótbolta með skólaliðinu og læra sálfræði. Hún verður einn stærsti talsmaður jafnréttis kynjanna í fótboltanum þar sem hún mun koma því í gegn að knattspyrnukonur verði á sömu launum og knattspyrnumenn. Hún mun síðan mun hún hitta draumaprinsinn og eignast þau tvíbura saman.

Steinþór Kristinn Stefánsson

mun verða frumkvöðull í stofnun Roleplay samfélags Reykjaness þar sem meðlimir leika hlutverk sín í viku í óbyggðum Reykjaness. Þetta samfélag verður einn stærsti RP smellur í heiminum þar sem leikmenn koma að alls staðar úr heiminum til að spila.

Sunneva Rún Hlynsdóttir

Mun útskrifast sem sjórn mála/viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Sunneva mun vera í farabroddi við innleiðingu fjórðu iðnbyltingunnar (tölvuvæðingu) í menntakerfi og viðskiptalífi Íslands. Hún mun eiga stóra fjölskyldu og verða metin sem ein mesti áhrifavaldur 21. aldarinnar í Evrópu.

Tony Kristinn Van Tonder

Fer í FS. Lærir tölvufæði útskrifast sem stúdent í tölvufræði síðan fer hann í Háskóla Íslands og gerist sérfræðingur í leikjahönnun og útskrifast með meistara próf og síðan fær hann starf hjá Rockstar Games, hannar leikinn How to become millionaire og verður milljarðamæringur, kaupir sér 500 milljón króna höll, 50 bíla og eignast konu og hund.

Valur Þór Magnússon

Fer í FS og fer á iðnámsbraut. Eftir sveinsprófið fær hann góða vinnu sem smiður hjá Bygg þar sem hann vinnur að uppbyggingu Suðurnesjabæjar sem stærsta sveitarfélagið á Suðurnesjum. Hann mun eignast góða konu og þau eignast 4 börn.

Viktoría Íris Kristindóttir

Útskrifast sem úr hárgreiðslu og snyrtifræði. Hún mun flytja til New York þar sem hún opnar sína eigin stofu, Vigga-Hair, þar sem viðskiptavinir hennar eru í ríkari og frægari kantinum m.a. Rihanna og Beyonce.

Wiktoría Weronika Piwowska

Fer í FS og útskrifast þaðan. Eftir FS fer hún í Listaháskóla Íslands og útskrifast þaðan sem Arkitektúr. Í Listaháskólanum hittir hún íslenskan mann og flytja þau saman til Póllands. Wiktoría fær vinnu á Arkitektúrstofu í Póllandi, þar starfar hún í nokkur ár þangað til hún opnar sína eigin stofu.

Hversu vel þekkir þú vin þinn?

Oliver svarar um Halldór

Spurning—svar (rétt svar)

- Lag – The London (Poppin)
- Dýr - Hundur (Hundur)
- Matur- Dominos (Hangikjöt með með sósu)
- Kennari - Örn (Örn)
- Fag - Stærðfræði (Stærðfræði)
- Tónlistarmaður - Travis/Scott (KSI)
- Afmælisdagur - 29 júlí (7 júní)
- Stjörnumerki - Ljón (Tvíbur)
- Dan eða stæ - Stærðfræði (Stærðfræði)
- Mest pirrandi- Tala mikið (Vera vinur minn)
- Hæfileiki - Tölva (Fótbolti)
- Draumaferð - Skemmtiferðaskip um Atlantshafið (Ítalía)
- Hawaii eða Spánn - Spánn (Spánn)
- Fatamerki – Nike (Nike)
- Draumastarf - Atvinnumaður í fótbolta (Flugmaður)



Halldór svarar um Oliver

Spurning—svar (rétt svar)

- Lag – Dóra (Skechers)
- Dýr - Hundur (Hundur)
- Matur– Jólamat (Pizza)
- Kennari - Örn (Brynja)
- Fag - Íþróttir (Stærðfræði)
- Tónlistarmaður - Drake (xxxtentacion)
- Afmælisdagur - 11. apríl (11. apríl)
- Stjörnumerki - Hríttur (Fiskur)
- Dan eða stæ - stærðfræði (stærðfræði)
- Mest pirrandi - Allt (Er stupid)
- Hæfileiki - Pirrandi (Spretta)
- Draumaferð - Rúmið hjá framtíðar konu minni (Englands Liverpool leik)
- Hawaii eða Spánn - Spánn (Hawaii)
- Fatamerki – Nike (Nike)
- Draumastarf - atvinnumaður í fótbolta (atvinnumaður í fótbolta)



Systrastríð

Vilborg svarar um Rakel

Spurning— (rétt svar) svar

Afmæli – (9. júlí) 9. júlí

Matur – (Kjúklingur og humar) Pizza

Draumastaður - (Ítalía) Bandaríkin

Draumastarf - (Ljósmóðir) Kennari

Svartur eða hvítur - (Hvítur) Hvítur

Tónlistarmaður - (Kenny Rogers) Lady Gaga

Mest pirrandi - (Smjatt) Hroki

Litur - (Grænn) Grár

Stjörnumerki - (Krabbi) Krabbi

Hvor er klárari? - (Ég) Rakel



Rakel svarar um Vilborgu

Spurning—(rétt svar) svar

Afmæli – (30. maí) 30. maí

Matur – (Meat and cheese á Dominos) Hakkréttur

Draumastaður – (Karabíska hafið) Ítalía

Draumastarf – (Rithöfundur) Rithöfundur

Svartur eða hvítur – (Svartur) Hvítur

Tónlistarmaður – (Bettie Midler) Tina Turner

Mest pirrandi – (Dónaskapur) Vera undir pressu

Litur – (Grænn) Bleikur

Stjörnumerki – (Tvíburi) Tvíburi

Hvor er klárari? – (Ég) Vilborg



Fiskmarkaður Suðurnesja

Lífsmottó 10. bekkjar

Amelía Rún



Just do it

Aron Rúnar



Stop wiping when there's blood.

Auðbjörg Hulda



If you don't try petting the 90% of rats that bite, you'll never find the 10% that don't

Ásdís



Ekki gera það í dag ef þú getur gert það á morgun.

Birgir



If you can't find something to live for, you better find something to die for.

Björgvin Bjarni



Ég er fitlandi góður og fróandi fínn.

Brynjar Már




Do or do not. There is no try.

Daniel



Only a Sith deals in absolutes.

Dominik Róbert



Strong, unique 'n aesthetic passion that gives you the confusion vibe.

Elfar Máni



Get rich or die trying.

Emilía Hildur



Live, Love, Laugh.

Emilía Magnús



Þú færð kraft úr kókómjólk.

Ester



Æfingin skapar meistarann.

Haraldur Ingi



Get high, not low.

Helgi Rúnar



Get bitches or die trying.

Irma Rún



Lífið er ekki dans á rósum.

Kara Petra



Umkringdu þig af fólki sem lætur þér líða vel með sjálfan þig.

Kári Sæbjörn



Done eating. Keep eating.

Logi



Just be yourself, aha.

Óðinn Elmar



Get paid. Get laid. Gatorade.

Ragnhildur Rán



Out Pizza the Hut.

Sigrún Eva



Don't read this. You'll get kissed on the nearest Friday by the love of your life.

Steinþór Kristinn



Naps fill the emptiness in me.

Sunneva Rún



Ef þér líkar ekki við eitthvað, ekki þá gera það, aumingi.

Tony Kristinn



Valur Þór



Þeir skora sem þora.

Viktoría Íris



Lífið endist ekki að eilífu. Gerðu það sem þú vilt og skemmtu þér.

Wiktoría Weronika



Be a bad ass with a good ass.

Guðjón Ásmundur



2000
Árgangur

Systrastrið

Thelma um Brynju 7 rétt

Afmæli – (7. sept) 7. sept.

Matur – (Nautakjöt) Nautakjöt

Draumastaður – (Bali) Asíureisa

Draumastarf – (Kennari) Kennari/þjálfari

Svartur eða hvítur – (Svartur) Svartur

Tónlistarmaður – (Beyonce) Beyonce

Mest pirrandi – (Thelma því hún skilur ekki
kaldhæðni) Hvað hún er gleymin.

Litur – (Vínrauður) Blár

Stjörnumerki – (Meyja) Meyja

Hvor er klárari – (Alltaf ég) Brynja



Brynja um Thelmu 5 rétt

Afmæli – (29. júlí) 29. júlí

Matur – (Þorramatur/skata) Asískur matur - hrísgrjón

Draumastaður – (Taíland) Florída

Draumastarf – (Kennari) Kennari

Svartur eða hvítur – (Svartur) Svartur

Tónlistarmaður – (Beyoncé eða Bó) Leoncie

Mest pirrandi – (Hvað Brynja er gleymin.) Þegar fólk beilar.

Litur – (Bleikur) Svartur

Stjörnumerki – (Ljón) Ljón

Hvor er klárari – (Brynja) Brynja.

Þjóðfélagsfræði í 10. bekk

Nemendur 10. bekkjar hafa veirð í þjóðfélagsfræði í vetur og er stór hluti af þeim áfanga að læra um stjórnámál og lýðræði. Nemendur fóru m.a. í dagsferð á Alþingi og á Skólaláing þar sem þau lærðu um verkferla Alþingis þegar kjósa á um ný lög. Einnig fengu þau að ganga í störf þingmanna þar sem frumvarp var kynnt og kosið um.

Annað fróðlegt verkefni var þannig að bekknum var skipt í nokkra hópa sem stofnuðu sinn eigin stjórnámálflokk. Flokkarnir settu niður sín baráttumál og kynntu fyrir nemendum unglingsdeildarinnar. Dagurinn endaði svo á lýðræðislegum kosningum.





1997 **20** 2017

SKINN

fiskur ehf

Til hamingju árgangur 2004!

Við erum stolt af ykkur.



SUÐURNESJABÆR

VELKOMIN Í SUÐURNESJABÆ